

hon yrði sjónlaus. Guðrún andaðisk at Helgafelli, ok þar hvílir hon.<sup>1</sup>

Gellir Porkelsson bjó at Helgafelli til elli, ok er mart merkiligt frá honum sagt; hann kemr ok við margar sögur, þótt hans sé hér lítt getit.<sup>2</sup> Hann lét gera kirkju at Helgafelli virðuliga mjök, svá sem Arnórr jarlaskáld váttaf í erfídrápu þeiri, er hann orti um Gelli, ok kveðr þar skýrt á þetta.<sup>3</sup> Ok er Gellir var nokkut hníginn á inn efra aldr, þá býr hann ferð sína af Íslandi. Hann kom til Nóregs ok dvalðisk þar eigi lengi, ferr þegar af landi á brott ok gengr suðr til Róms, sækir heim inn helga Pétr postola. Hann dvelsk í þeiri ferð mjök lengi; ferr síðan sunnan ok kemr í Danmörk; þá tekr hann sótt ok lá mjök lengi ok fekk alla þjónustu; síðan andaðisk hann ok<sup>4</sup> hvílir í Hróiskeldu.<sup>5</sup> Gellir hafði haft Sköfnung með sér, ok náðisk hann ekki síðan; en hann hafði verit tekinn ór haugi Hrólfs kraka. Ok er andlát Gellis spurðisk til Íslands, þá tók Porkell, sonr hans, við föðurleifð sinni at Helgafelli, en Þorgils, annarr sonr Gellis, druknaði ungr á Breiðafirði ok allir þeir, er á skipi váru með honum. Porkell Gellisson var it mesta nytmenni ok var sagðr manna fróðastr. Ok lýkr þar nú sögunni.<sup>6</sup>

<sup>1</sup> er þat mál manna, at hon hafí verit it mesta göfugkvendi af eigi meiri ætt b. v. M, V, en það vantar í C, og er ofaukið. — Menn hafa þóttz vita, hvar leiði Guðrúnar sé, og hefur verið grafið í það (Árb. Fornl. 1898, 39—40).

<sup>2</sup> Gellir er nefndur í Heimskr., Ljósvetninga s. og Bandamanna s., en auk þess Íslb. Ara fróða, Annálum og Sturlungu.

<sup>3</sup> Erfídrápu þessarar er ekki getið annarsstaðar en hér, og ekkert er

nú varðveitt af henni, svo að vit að sé.

<sup>4</sup> ok: þótti verða it merkiligasta um hans andlát; hann C.

<sup>5</sup> Orðmyndin *Hróiskelda* (skr. *Róiskelda* í M, C) er algeng nokkuð í fornu máli (sjá t. d. Morkinsk., Flat., Annála o. fl.); fyrri liðurinn virðist vera ef. af \**Hróir*, s. s. *Hrói*.

<sup>6</sup> Ok — sögunni b. v. eftir C (zþap); en þessum orðum er sl. í M, V, sem bæta hér við Bolla þætti.